

## Fundargerð 85. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 04. september 2014 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Andrés Bjarnason, Jón Jóhannsson, Sævar Örn Kristjánsson, Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Gunnar S. Gunnarsson, Þorsteinn Hjálmarsson og Guðmundur Sigurvinsson

Dagskrá :

1. **Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 84.** Fundargerð samþykkt og undirrituð.
2. **Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála**
  - Golfmótið gekk vel og hefur unnið sér fastan sess hjá okkur. Um 50 manns tóku þátt.
  - Úrskurðarnefnd og fiskverð. VM með formennsku.
  - Nefnd til að semja úthlutunar og vinnureglur verkfallssjóðs er búin að halda einn fund og er stefnt að öðrum fljótlega. Hugmyndir nefndarinnar fara síðan fyrir stjórn.
  - Á næsta stjórnarfund sem verður haldinn þann 25. sept. nk. kemur Forseti ASÍ til að fara yfir stöðu mála, mikilvægt að vera vel undirbúnir með spurningar og annað. Stungið var upp á að stjórnin myndi hittast ½ til 1 klst. fyrir fundinn.
  - Kjarasamningar eru að fara af stað en óvissa er mikil. Eitt er samt á hreinu og það er að ekki verður samræmd launastefna félaga innan ASÍ.
  - Kjarasamningur sem gerður var í ágúst við sveitarfélöginn gefur 7,5% hækkun.
  - VM er að vinna plagg um samstarfssamning iðnaðarsamfélagsins í komandi kjarasamningum.
  - Orlofsmál – framkvæmdir og vandamál. Sagt var frá vandamáli sem er komið upp varðandi það að menn séu að lána kennitöluna sína til vana til að leigja hús og grunur leikur á að í einhverju tilfellum sé verið að áfram leigja íbúðir/ hús en hægt er að fá mikla peninga fyrir það.
3. **41. þing ASÍ verður dagana 22. – 24. okt.** Lagðar voru fram lagabreytingatillögurnar sem lagðar verða fram á þinginu. Stjórnarmenn voru hvattir til að lesa þær vel yfir. Stefnt er að því að halda fulltrúaráðsfund 20. sept. og þar verða kosnir okkar fulltrúar á þingið.
4. **Mönnunarnefnd skipa.** Nýr formaður kominn í mönnunarnefnd. Eins og rætt hefur verið um þá fóru fulltrúar mönnunarnefndar á fund hjá Norsku siglingastofnuninni til að kynna sér fyrirkomulag mönnunar á norskum fiskiskipum. Í ferðina fóru tveir frá VM og einn frá LÍÚ. Við stýrum vinnunni í mönnunarnefnd núna og mikilvægt er að vinna þá vinnu vel og gefa sér þann tíma sem þarf til að komast að niðurstöðu um fyrirkomulag þessara mála á íslenskum fiskiskipum.

5. **Beiðni frá LBV.** Beiðni um styrk kom frá félagi sem kallar sig landsbyggðarvini. Beiðninni var hafnað.
  6. **Nefndir VM.** Lagður var fram lista yfir allar nefndir og stjórnir sem VM á sæti í og hverjir sitja í þessum nefndum, vantar að setja inn hversu lengi menn sitja í hverri nefnd.
  7. **Lög og reglugerðir VM.** Stjórnarmenn fengu lög félagsins útprentuð eftir breytingarnar sem urðu á þeim á síðasta aðalfundi. Reglugerð Orlofssjóðs vantaði í bunkann og verður því kippt í liðinn.
  8. **Lagt fram til upplýsingar.** Lagt var fram afrit af bréfi sem sent var stjórn Mánatúns, minnisblað um aukin framlög í fræðslu- og starfsmenntasjóði og bókun starfsmenntamála og sagði að aukið framlag af okkar mönnum færi í IÐUNA, minnisblað um hlutfall af tekjum heimila sem fer í kaup á matvöru og undirritaðan samning um starfsþjálfun skipstjórnar- og vélstjórnarnema.
  9. **Önnur mál.**
    - Spurning kom fram vegna útgáfu bókarinna „Saga sveinafélags skipasmiða“ hvort ekki væri rétt að kanna hvort grundvöllur væri til að gefa út sögu netagerðarmanna.
    - Rætt var um stöðuna sem komin er upp ( hefur verið í umræðunni) um að hækka ellilífeyrisaldurinn í 70 ár, þ.e. menn fari ekki að fá fullt út úr lífeyrissjóðnum sínum fyrr en þá. Menn telja að félagið þurfi að beita sér gegn þessum breytingum. Til að hægt sé að leggja raunhæft mat á hlutina vera menn að vera með einhver gögn í höndunum og Lífeyrissjóðirnir eru að vinna þessi gögn.
- Fundi slitið kl. 14:45